

Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra sf.

13. fundur stjórnar 7.5.2020

Mættir: f.h. framkvæmdastjórnar: Jón Helgi Björnsson, Hildur Sveinbjörnsdóttir, Áslaug Halldórsdóttir. Stjórn: Arnór Benónýsson, Sigurður Böðvarsson, Kristján Þór Magnússon, Heiðbjört Ólafsdóttir og Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson. Gestur: Rúnar Bjarnason, endurskoðandi PWC

1. Ársreikningur 2019

Ársreikningur fyrir árið 2019 er lagður fram og Rúnar Bjarnason, endurskoðandi fór yfir ársreikning fyrir árið 2019. Rekstur Hvamms er mjög sambærilegur milli áranna 2019 og 2018. Efnahagur félagsins mjög áþekkur sömuleiðis. Skuldsetning er lág m.v. eignastöðu félagsins. Í fyrri reikningi fékkst 18 mkr leiðrétting á tekjum, sem ekki koma inn í ár.

Bókun: Stjórn samþykkir reikninginn samhljóða og vísar honum til afgreiðslu aðalfundar félagsins.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Ljóst má vera að aðgerðir og kostnaður vegna Covid-19 faraldursins er umtalsverðar og stjórn vill áréttta mikilvægi þess að heimilinu verði bætt upp það tekjutap sem orðið hefur vegna þess að geta ekki sinnt þjónustu við dagvistarþega.

3. Framvinda uppbyggingar hjúkrunarheimilis

Nú stendur yfir lokavinna dómnefndar um bestu tillögu í hönnunarsamkeppni um nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík. Niðurstöður verða kynntar fimmtudaginn 14. maí á rafrænum fundi þar sem heilbrigðisráðherra mun kunnngjóra hver hlýtur fyrstu verðlaun.

4. Staða mála vegna Covid-19

Fram kom í máli Hildar yfirhjúkrunarfræðings að starfsfólk staðið sig mjög vel og sýnt einstaka aðlögunarhæfni og útsjónarsemi. Flestir hafa verið í hálfgerðri sóttkví milli vakta. Álag á eldhús og þrif hefur aukist til muna. Heimsóknarbannið hefur haft áhrif á alla, bæði heimilisfólk og starfsmenn sem hefur þýtt mikið skipulag í kringum heimsóknir. Unnið er eftir öllum almennu leiðbeiningum sem gilda um starfsemi hjúkrunarheimila.

Bókun: Stjórn Hvamms vill færa stjórnendum í Hvammi og starfsfólk öll sérstakt hrós fyrir samheldni og vel unnin störf á krefjandi tímum. Þakkir eru einnig færðar til íbúa Hvamms fyrir að sýna ástandinu skilning, og þolinmæði.

5. Framtíðaráform í rekstri Hvamms

Umræða fór fram um hvaða starfsemi gæti hentað inn í húsnæði Hvamms eftir að nýtt hjúkrunarheimili tekur til starfa. Mikilvægt er að huga að því hvaða hlutverk húsnæðið getur tekið á þeim merka tímapunkta þegar hjúkrunarþjónusta færist í nýtt hús. Beinast liggur við að láta kanna tækifæri til breytinga sem yrðu til fjölgunar lítilla íbúða innan búseturéttarkerfisins sem byggð væru upp innan þeirra rýma sem nú hýsa þá sem eru í hjúkrunarrými.

Bókun: Stjórn telur mikilvægt að starfshópur verði settur saman á næstu misserum til að skoða þessi mál til hlýtar.

6. Önnur mál

Stjórn felur framkvæmdastjóra að koma boðum til aðildarsveitarfélaganna um aðalfund sem haldinn verður miðvikudaginn 24. júní kl 14.